

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf.,
Neskaupstað, frá 16. júní 1986 með breytingu frá 21. júlí 1986.

1. gr.

4. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

- 4.2 Fyrirtækið skal á 6 mánaða fresti upplýsa Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Neskaupstaðar skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lofthreinsibúnaðar fyrir útblástur frá þurrkurum, sbr. 2.10.
- 4.3. Lofthreinsibúnaður til útblásturs frá þurrkurum, er brenni lyktarefnum, sbr. 2.10., skal tekinn í notkun fyrir lok ársins 1990.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir Síldarverksmiðju ríkisins, Seyðisfirði
frá 30. september 1985 með breytingu frá 28. september 1987.

1. gr.

3. gr. 3. og 4. tl. orðist svo:

- 3.3 Fyrirtækið skal á 6 mánaða fresti upplýsa Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Seyðisfjarðar skriflega um stöðu mála varðandi undirbúning og uppsetningu lofthreinsibúnaðar til útblásturs frá þurrkurum, sbr. gr. 2.9.
- 3.4 Lofthreinsibúnaður fyrir útblástur á þurrkurum, er brenni lyktarefnum, sbr. gr. 2.9., skal tekinn í notkun við þá vinnslu, er fram fer eftir 30. mars 1990.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 309/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.